

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar skal ákvarða og innheimta sorpgjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Snæfellsbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

2. gr.

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð og hvern sumarbústað í Snæfellsbæ og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga.

3. gr.

Tunnugjald fer eftir rúmmáli þeirra sorphiláta sem eru við heimili. skilyrt er að hafa minnst eitt ílát fyrir lífrænan úrgang, pappír/pappa, plast og almennan úrgang. Tíðni tæminga fer eftir sorphirðudagatali en er almennt á 21 dags fresti.

Ílát fyrir blandaðan heimilisúrgang

240L	Tunna	25.000
360L	Tunna	38.000
660L	Kar	70.000
1100L	Kar	120.000

Ílát fyrir pappír

240L	Tunna	20.000
360L	Tunna	30.000
660L	Kar	58.000
1100L	Kar	98.000

Ílát fyrir plast

240L	Tunna	20.000
360L	Tunna	30.000
660L	Kar	58.000
1100L	Kar	98.000

Ílát fyrir matarleifar

35L	Ílát í tunnu	18.000
140L	Tunna	65.000

Gjald vegna breytingar á þjónustu (breyting á stærð/fjölgun tunna)	4.000
--	-------

4. gr.

Söfnun, förgun, móttaka og flokkun sorps, sem og önnu gjöld, eru sem hér segir:

Sorpförgun – heimili	10.000
Sorpförgun – sumarhús/takmörkuð ívera	5.000
Rekstur grenndarstöðva – þéttbýli	2.000
Rekstur grenndarstöðva – sumarhús	16.000

Innifalið í sorpförgunargjaldi eru 12 einingar í Jökulkort sem gilda á gámastöð Snæfellsbæjar. Ein eining er ígildi 25 kg af úrgangi og gilda því 12 einingar fyrir 300 kg. Þær einingar sem fylgja sorpgjöldunum renna út næstu áramót eftir að þær eru gefnar út.

Hægt er að kaupa fleiri einingar inn á Jökulkortin, 10 einingar í senn, á kostnaðarverði. Þær einingar renna ekki.

5.gr.

Umráðendur íbúða og sumarhúsa eru ábyrgir fyrir ílátum fyrir úrgang við sitt heimili/sumarhús og standa undir kostnaði við að endurnýja eða lagfæra ílátin ef þau tynast eða skemmast vegna slæms umbúnaðar.

Gjald á varahlut – lok	3.000
Gjald á varahlut – dekkjasett	3.000
Endurnýjunargjald – 30L ílát	5.000
Endurnýjunargjald – 140L tunnu	15.000
Endurnýjunargjald – 240L tunnu	10.000
Endurnýjunargjald – 360L tunnu	15.000
Endurnýjunargjald – 660L Kar	21.000
Endurnýjunargjald – 1100L Kar	32.000

6. gr.

Tæknideild Snæfellsbæjar er heimilt samkvæmt gjaldskrá þessari að leggja göld á þá aðila sem verða uppvísir að því að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi eða á jarðvegstípp fyrir útlögðum kostnaði við hreinsun.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann **4. desember 2025** með stoð í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ nr. 1588/2024.

Snæfellsbær, 4. desember 2025

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari